

Ég er að fara
í ferðalag



© Autism Little Learners


1



Ég er að fara í ferðalag.
Daginn sem við förum þá fer
ég á flugvöllinn.

© Autism Little Learners

2



Þegar við komum á flugvöllinn
þurfum við að fara að
innritunarborðunum til að láta vita
að við séum að fara í flugvélina.

© Autism Little Learners

3



Við tölum kannski við einhvern sem
vinnur við borðið. Þar skiljum við
líka oftast töskurnar okkar eftir.
Ég fæ töskuna aftur þegar
flugvélın er búin að lenda.

© Autism Little Learners

4



Fólk þarf oft að bíða í röð á flugvellinum. Ég kann að vera í röð. Ef mér leiðist þá get ég skoðað dót í bakpokanum mínum.

© Autism Little Learners

5




Það eru margir á flugvellinum. Ég ætla að vera alltaf hjá fjölskyldunni minni. Það er góð huqmynd að vera saman.

© Autism Little Learners



6

Næst förum við upp stigann og þar sýnum við starfsmanni flugmiðann okkar.



7

Næst setjum við bakpokana okkar, síma og annað dót í bakka sem fer í gegnum vél sem skoðar dótið okkar. Við fáum dótið okkar fljótt aftur.

8



Næst löbbum við í gegnum hlið sem stundum heyrist hljóð í. Þetta er eins og að labba inn í annað herbergi.

9




Þegar ég er búin(n) að fara í gegnum hliðið þá þarf starfsmaðurinn kannski að snerta mig til að passa að það sé allt í lagi með fötin míن og dótið mitt.

© Autism Little Learners
© Autism Little Learners



10


Á flugvellinum þarf stundum að bíða þangað til maður fer í flugvélina. Mamma og pabbi segja hvað er hægt að gera á meðan maður bíður. Mamma og pabbi segja síðan hvenær við þurfum að finna hvar flugvél einum er og þá fer ég með þeim.



11

Stundum þarf að labba lengi til að finna flugvélina. Stundum þarf maður að fara í rúllustiga til að fara í flugvélina. Ég ætla að leiða mömmu eða pabba á leiðinni.

12




Sumir flugvellir eru mjög stórir og stundum þarf að fara í strætó eða lest til að fara í eða úr flugvélinni.

13



Þegar við erum komin að staðnum þar sem flugvélin er þá setjumst við niður og bíðum eftir að við megum fara inn í flugvélina.



16



Þegar ég má fara í vélina þá hjálpa
mamma og pabbi mér við að setja
flugmiðann á réttan stað og sýna
starfsmanninum. Það er gott að þau passi
upp á flugmiðann.


© Autism Little Learners

17



Þegar ég kem inn í vélina þá hjálpa
mamma og pabbi mér að finna sætið sem
ég á að sitja í.

© Autism Little Learners



18

Ef ég er með lítinn bakpoka eða tösku þá á ég að setja hana undir stólinn fyrir framan mig eða í farangursgeymsluna sem er fyrir ofan sætið mitt.

© Autism Little Learners



19

Næst þarf ég að setjast í sætið mitt og festa öryggisbeltið, alveg eins og bílnum. Ég verð dugleg(ur) að sitja kyrr á meðan flugvélin er að fara af stað og upp í loftið.

© Autism Little Learners

22



Ég get sett niður borðið fyrir framan
mig til að setja dótið mitt á og leika eða
til að borða matinn.

© Autism Little Learners


23



Það má líka hvíla sig eða sofa í
flugvélinni.

© Autism Little Learners


24



Ef ég sit við gluggann getur verið gaman að horfa út og sjá skýin og löndin fyrir neðan. Ég get beðið þann sem situr við gluggan um að skiptast á að sitja þar.

© Autism Little Learners

25



Í flugvélinni ætlum við að tala rólega því fólk er kannski að reyna að sofa eða lesa. Við þurfum líka að geta heyrt hvað flugþjónarnir eða flugmennirnir eru að segja okkur í hátalaranum.

© Autism Little Learners

26



Við lendum
bráðum!

Flugmaðurinn lætur okkur vita þegar flugvélin þarf að lenda. Þá þarf ég að ganga frá dótinu sem ég hef verið með og setja borðið upp aftur.

© Autism Little Learners

27



Flugvélin lendir svo og stoppar.
Flugþjónarnir láta okkur vita hvenær
ég má taka af mér öryggisbeltið og
sækja töskuna mína. Ég ætla að hlusta
á hvað þau segja.

© Autism Little Learners

28



Ég bíð með mömmu og pabba þangað til að við eignum að standa upp og fara út úr flugvélinni.

© Autism Little Learners

29



Ég labba svo með fjölskyldunni minni rólega að sækja töskurnar okkar. Ég ætla að leiða mömmu eða pabba. Það er góð hugmynd.

© Autism Little Learners



Pegar við finnum töskurnar okkar förum við út úr flugstöðinni og í bíl eða rútu sem keyrir okkur þangað sem við gistum.

Áður en við förum í ferðalagið:

Ég fer með tösku eða bakpoka í ferðalagið. Mamma og pabbi hjálpa mér að setja dót og eitthvað gott að borða í töskuna til að hafa í fluginu.



Ég vil taka með mér:
